

Fundir

Ágúst:

Sameiginlegur fundur leik- og grunnskóla. Samstarf vetrarins skipulagt og áætlun skilað til Fræðsluskrifstofu fyrir 10. september.

September:

Kennarar í I. bekk fara í heimsókn í leikskólann og fræðast um starfið.

Nóvember:

Umræðufundur um niðurstöður úr lesskimun.

Maí:

Fundur þar sem leikskólakennarar skila umsögnum um nemendur til grunnskólanna. Leikskólar fá staðlað eyðublað hjá Fræðsluskrifstofu.

Allir leikskólar senda tölvupóst á grunnskólana með upplýsingum um fjölda nemenda í hvern grunnskóla fyrir 1. maí.



Kynningafundur fyrir foreldra

Í maí bjóða allir grunnskólar foreldum tilvonandi I. bekkinga á foreldrafund í grunnskólanum. Þar er skólinn kynntur og farið er yfir hvernig skólastarfið gengur fyrir sig.

Heimaleikskólar

Akurskóli = Akur og Holt

Heiðarskóli = Garðasel og Heiðarsel

Holtaskóli = Hjallatún

Háaleitisskóli = Háaleiti og Völlur

Myllubakkaskóli = Tjarnarsel og Vesturberg

Njarðvíkurskóli = Gimli



Fræðslusvið Reykjanesbær
Tjarnargata 12
Sími 4216700



SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Ágæta skólafólk

Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni að flytjast á milli skólastiga. Því er afar mikilvægt að skólastigin vinni vel saman og eigi gott samstarf síðasta ár barnsins í leikskólanum. Ef samvinnan tekst vel ætti barnið að blómstra í grunnskóla jafnt sem leikskóla.



Leikum saman

Fastar heimsóknir yfir skólaárið

Heimsókn í leikskóla:

- Nemendur í I. bekk heimsækja leikskólann.
- Eldri nemendur lesa fyrir leikskólanemendur.
- Nemendum í I. bekk er boðið í morgunmat í leikskólanum.

Heimsókn í grunnskóla:


- Leikskólanemendur skoða skólann.
- Heimsókn í kennslustund hjá I. bekk.
- Heimsókn í íþróttatíma.
- Heimsókn á bókasafnið.
- Heimsókn í tölvuverið.
- Leikskólanemendur borða með I. bekk í matsalnum.

Í maí bjóða allir grunnskólar öðrum leikskólum en heimaleikskólum að koma í heimsókn með væntanlega nemendur.



Annað samstarf yfir skólaárið

- Hittast í kringum dag íslenskrar tungu. Leikskólanemendur og I. bekkingar sýna atriði. Dansa jafnvel saman í lokin.
- Hittast í desember - jólasamvera. Til dæmis er hægt að skiptast á jólakortum, hittast og dansa í kringum jólatré. Fá sér jafnvel piparkökur og kakó.
- Uppskeruhátíð allra leik- og grunnskóla í maí.



Hugmyndir að öðru samstarfi

- Heimsókn leikskólanemenda í forskóla/ tónmennt.
- Gera verkefni saman t.d. tengt degi læsis eða degi íslenskrar náttúru.
- Leikskólanemendur vinna þemaverkefni með I. bekkingum.
- Samstarf á útikennslusvæði skólans.
- Hittast á útisvæði grunnskólans eða leikskólans og leika saman.
- Leikskólakennarar heimsækja grunnskólann.
- Heimsókn leikskólanemenda í frístund.
- Búa til snjókarl saman.
- Leikskólanemendur koma í heimsókn í t.d. enskutíma á unglingastigi.
- Leikskólanemendur taka þátt í teiknisamkeppni um ákveðið efni með I. bekkingum.

